

Tillaga Garðabæjarlistans um beina útsendingu frá bæjarstjórnarfundi

Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn beinir því til forseta bæjarstjórnar að heimila útsendingar bæjarstjórnarfunda í gegnum facebooksíðu Garðabæjar þar til hægt verður að fjármagna tillögu Garðabæjarlistans sem fór fyrir fjárhagsáætlunargerð í desember síðastliðnum, um uppsetningu upptökubúnaðar til beinna útsendinga.

Greinargerð

Garðabæjarlistinn hefur frá upphafi lagt þunga áherslu á gagnsæi í allri upplýsingagjöf og einn liður í þeirri vegferð eru beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum. Tillaga um slíkt hefur þegar verið lögð fram en var því miður synjað við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember síðastliðnum. Með því að opna á heimild til útsendinga með jafn einföldum hætti og að senda fundi út í beinni útsendingu af facebooksíðu Garðabæjar, <https://www.facebook.com/Gardabaer.Iceland/> má auðveldlega mæta mikilvægi gagnsæis og góðri upplýsingagjöf frá pólitískri umræðu þar til svigrúm næst til þess að fjármagna þann búnað sem til þarf. Tillagan er lögð fram í bæjarstjórn, þar sem samkvæmt 16. gr. um stjórn Garðabæjar; Fundarsköp – vald forseta, þarf leyfi forseta bæjarstjórnar til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.